



Stefna og aðgerðaáætlun um móttöku skemmtiferðaskipa við hafnir Ísafjarðarbæjar 2024–27

Inngangur

Skemmtiferðaskipum sem koma til hafna Ísafjarðarbæjar hefur fjölgað ört síðustu ár. Skyldi engan undra; Ísafjarðarbær er frábær viðkomustaður sem býður upp á skemmtilega blöndu af náttúru- og menningarupplifun.

Þessari móttöku hafa fylgt miklar tekjur fyrir hafnarsjóð, ferðapjóna, verslanir og þjónustu. Mörg fyrirtæki sem starfa á ársgrundvelli og þjóna heimamönnum hefðu ekki rekstrargrundvöll án skemmtiferðaskipanna.

Undanfarin misseri hafa farið fram umfangsmiklar framkvæmdir við lengingu hafnarbakka, dýpkun og stækkun lands sem ekki er fyllilega lokið.

Ísafjarðarhöfn er stærsti ferðapjónninn á Vestfjörðum. Því fylgja tækifæri og ábyrgð, og einn liður í því er að sveitarfélagið og höfnin setji sér skýra stefnu. Í þessu skjali er sett aðgerðaáætlun til ársins 2027. Ekki eru settir fram beinir árangursvísar og sum atriðin munu þurfa að taka breytingum fram að því ári. Því er ekki úr vegi að þetta skjal verði endurskrifað fyrr, ekki síðar en 2026.

Eitt af því sem kemur fram í stefnunni er hámarksfarþegafjöldi sem miða skal við. Félagsleg þolmörk við móttöku ferðamanna eru flókið hugtak, en ljóst er að þau taka meðal annars mið af því hvaða tekjur sveitarfélagið og samfélagið hefur af móttöku skipanna, hvaða þjónusta og innviðir eru tiltæk og hvernig til tekst. Þolmörkin hækka því eftir því sem innviðir styrkjast, þjónustuframboð eykst, og jákvæð áhrif skipakomanna eru skýrari. Öllum eftirfarandi stefnumálum er ætlað að bæta upplifun gesta, minnka álag á samfélagið, bæta umhverfismál og tryggja sjálfbærni þessarar atvinnugreinar til lengri tíma.

Ýmsar rannsóknir og vinna hefur farið fram á síðustu árum sem litið var til við skrif þessa skjals¹. Þær sýna þau hagrænu áhrif sem skipakomurnar hafa á samfélagið, en benda einnig á félagslegar og umhverfislegar áskoranir.

Í aðalskipulagi segir: „Nýta á komur skemmtiferðaskipa markvisst með góðu aðgengi og markaðssetningu á þeirri afþreyingu sem stendur farþegum skipanna til boða í landi. Skoða þarf þó snemma hvaða áhrif stórauðinn fjöldi getur haft á samfélagið og náttúru svæðisins.“

Áfangastaðaáætlun Vestfjarða er með sem eina aðgerð að unninn verði „rammi um stjórnun, stýringu og aðgengi skemmtiferðaskipa á Vestfjörðum“. Þetta skjal er liður í því.

Þetta skjal hefur hlotið umfjöllun í nefndum bæjarins og utan bæjarkerfisins. Fundur var haldinn með hagsmunaaðilum í ferðapjónustu innan lands og utan, stefnan var birt í drögum

¹ Má þar nefna skrif Rannsóknamiðstöðvar ferðamála, skýrsla um móttöku skemmtiferðaskipa á Ísafirði frá 2019, hugmyndir frá 2021 um skipulag og stefnu hafnarinnar frá Verkís, skýrslur norræns samstarfsnets um sjálfbæra móttöku skemmtiferðaskipa og ýmsar viðhorfskannanir sem Ferðamálastofa hefur látið gera.

á vef Ísafjarðarbæjar þar sem kallað var eftir umsögnum, auk þess sem stefnudrögin voru kynnt í fjölmiðlum.

Stefna

Ísafjarðarbær er aðlaðandi áfangastaður fyrir skemmtiferðaskip. Móttaka þeirra skapar samfélaginu öllu tekjur og uppfyllir öll þrjú skilyrði sjálfbærrar þróunar; hagrænnar, umhverfislegar og félagslegar.

Aðgerðaáætlun

- Áfram verði allar hafnir í Ísafjarðarbæ markaðssettar sem áfangastaðir fyrir skemmtiferðaskip. Mest áhersla er á Ísafjarðarhöfn og þar verður stærstur hluti fjárfestingar tengd móttöku skipanna. Við framkvæmdir á öllum höfnunum verði litið til þess að þær nýtist öllum notendum, þ.m.t. skemmtiferðaskipum.
- Teknir verða upp fjárhagslegir umhverfishvatar, t.d. EPI, þegar Alþingi heimilar slíka gjaldtöku.
- Höfnin setji á stofn sérstakan sjóð sem hafi tvíþætt hlutverk;
 - að styrkja sjálfstæð verkefni sem efla höfnina sem áfangastað, svo sem með uppbyggingu innviða, uppsetningu skilta, eða bætt aðgengi, og
 - styrkja menningu- og félagslíf í bænum á svipaðan hátt og samfélagssjóður Orkubúsins.

Fjárhæð sjóðsins verði ákveðin í fjárhagsáætlun hvers árs og taki með beinum hætti mið af tekjum fyrra árs.

- Höfnin setji upp lifandi mælaborð um fjölda gesta og farþega ásamt áætluðum tekjum hafnarinnar og samfélagsins. Þar verði einnig birt önnur gögn sem tiltæk eru og tengjast málinu, svo sem staða loftgæða.
- Klárað verði deiliskipulag fyrir Suðurtanga árið 2024 og uppbygging samkvæmt því hefjist strax í kjölfarið.
- Almennt skulu skemmtiferðaskip ekki taka land utan hafna. Þar sem Ísafjarðarbær er landeigandi er það því bannað nema í undantekningartilvikum og þá með leyfi bæjarstjóra eða hafnarstjóra. Skemmtiferðaskip skulu hafa skýrt leyfi landeigenda til landtöku utan hafna. Um landtöku í Hornstrandafriðlandinu gildir verndaráætlun sem meðal annars banna landtöku hópa sem eru fjölmennari en 51.
- Skipstjórum verði bannað að þeyta skipsflautur nema þegar þess er krafist af öryggisástæðum.
- Ráðist verður í hönnun á húsi fyrir farþegamóttöku árið 2024 svo framkvæmdir geti hafist 2025.
- Áfram verður unnið að undirbúningi að rafvæðingu hafnarinnar.
- Verkfræðistofa er að hanna gönguleiðir, öryggismál og aðgengi. Farið verði í verklegar framkvæmdir strax 2024. Samhliða verði núverandi gönguleiðir afmarkaðar betur, meðal annars til að varna því að bílar leggi á göngusvæðum.

- Settur verður tveggja skrefa hámarksfjöldi farþega sem tekur breytingum á tímabilinu. Lægri hámarksfjöldinn segir til um hvenær skipafélög eru hvött til að leita annað, en við efri mörkin sé lokað fyrir bókanir. Hámark gildir ekki árið 2024 þar sem bókanir hafa fyrir löngu verið staðfestar. Árið 2027 hækki bæði mörk, þar sem búast megi við að innviðir verði orðnir öflugri. Tölurnar eru settar fram að því skipi meðtöldu sem er að óska eftir að bóka sig.
 - Tölurnar sem notaðar skulu eru skráður hámarksfjöldi hvers skips (e. lower berths capacity), en farþegar eru jafnan um 20–40% færri um borð í raun. Þessi tala er sú sem er þekkt á þeim degi sem skip bókar komu sína, og er sú tala sem hafnir hafa síðustu ár birt á vefsíðum sínum.
- Hafnarstjóri vinni ásamt öðrum að varanlegri lausn á salernismálum í bænum öllum og smærri byggðakjörnum og samhæfi vinnu þeirra sem koma þurfa að málum. Þetta innifelur ákvörðun staðsetninga, hönnun og byggingu þar sem það á við, en í öðrum tilvikum útboði á aðstöðu sem opin yrði almenningi. Eðlilegt er að rukka aðgangseyri að salernum þar sem því er við komið.
- Stefnt er að því að útbúa stæði fyrir sjálfstætt starfandi ferðapjóna á hafnarsvæðinu. Hafnarstjórn setji reglur um útleigu þessara stæða og umgengni á hafnarsvæðinu vorið 2024.
- Sölubásar á höfn eru leyfisskyldir hjá hafnarstjóra.
- Hafnir Ísafjarðarbæjar starfa innan Cruise Iceland og líta á samtökin sem mikilvægan bandamann í hagsmunagæslu, þekkingarmiðlun og samvinnu.
- Hafnarstjóri hafi frumkvæði að því að halda tvo fundi á ári með hagaðilum, einn í apríl og annan í september.
- Hafnarstjóri vinni áfram með ferðapjónum og Ísafjarðarbæ að því að miðla góðum og réttum upplýsingum um höfnina, Ísafjarðarbæ, umgengnisreglur, gönguleiðir og fleira.
- Hafnir Ísafjarðarbæjar leiti allra leiða til að miðla upplýsingum um áfangastaðinn og tilmælum um umgengni til farþega, svo sem á vef hafnanna, í gegnum þráðlaust net á höfninni, með skiltum og bæklingum.

Fjöldaviðmið

Viðbúnaður Ísafjarðarhafnar og annarra aðila skal taka mið af áætluðum fjölda gesta í höfn. Hér eru jafnan einungis aðgengilegar upplýsingar um hámarksfarþegafjölda skips og er því miðað við það, frekar er raunverulegan fjölda. Ekki eru taldir með starfsmenn um borð.

2024–26	0–1 þ.	1–3 þ.	3–5 þ.	5–7 þ.	7 þ.+
2027 og framvegis	0–1 þ.	1–3 þ.	3–6 þ.	6–8 þ.	8 þ.+
Hafnarstræti göngugata			x	x	á ekki við
Upplýsingamiðstöð opin	x	x	x	x	á ekki við
Tvöföld vakt á upplýsingamiðstöð			x	x	á ekki við
Tryggð opnun á Ísafjarðarkirkju og Safnahúsi		x	x	x	á ekki við
Heiðursmannasamkomulag um opnun á einkarekinni þjónustu			x	x	á ekki við
Menningarviðburðir fjármagnaðir af höfninni, t.d. á Silfurtorgi			x	x	á ekki við
Skip hvött til að fara annað*				x	á ekki við
Lokað fyrir bókanir fleiri skipa*					x
Áætlaður raunfjöldi um borð, 2025 og 26	0–0,7 þ.	0,7–2 þ.	2–3,5 þ.	3,5–5	5 þ.+
Áætlaður raunfjöldi um borð, 2027 og síðar	0–0,7 þ.	0,7–2 þ.	2–4 þ.	4–5,5	5,5 þ.+

* Á ekki við um árið 2024.